

84. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 3. september 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þorsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Einar Gunnarsson, fulltrúi kennara, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Steinunn Helgadóttir, foreldraráði GSS og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Leikskólinn tók aftur til starfa eftir sumarfrí 14. ágúst.

1. Leikskólinn orðinn einsetinn skóli í fyrsta sinn, þýðir það að öll börn eru komin inn í hús kl. 10:00. Þannig að allt skipulagt starf fer fram fyrir hádegi. Þ.e. hópastarf, skólastund, málörvun en eftir hádegi verður lögð áhersla á frjálsan leik sem fer fram í gegnum val.

2. Einn nýr starfsmaður byrjaður, Birna Ármey Þorsteinsdóttir verður í 100% afleysingu.

3. Nú eru 65 börn í mismunandi löngum vistunartíma.

4. Búið er að velja þema fyrir allt húsið, sem er svo útfært af hverri deild og hverjum hóp innan deildar. Þemað að þessu sinni er “Náttúran og við”.

5. Starfsmenn leikskóla stefna að námsferð í vor til Örebro í Svíþjóð, sem er vinabær Stykkishólms. Þeir hafa sett sig í samband við yfirmann leikskólamála og ætlar hann að greiða götu starfsmanna leiksólans þar. Starfsmenn hafa áhuga á að skoða útileikskóla, leikskóla sem leggur áherslu á sköpun, fyrst og fremst tónlist og svo Reggio skóla.

6. Þriðjudaginn 2. október verður sameiginlegur starfsdagur leikskólanna á Snæfellsnesi, þar verða tveir fyrirlestrar sem allt starfsfólkið. Félags- og skólaþjónustan sér um að skipuleggja þessi námskeið fyrir starfsmenn leikskóla. Ekki er búið að fastsetja efni fyrirlestranna.

7. Búið er að skipuleggja vetrarstarfið nokkuð vel og á næsta fundi leggur skólastjóri fram skólalagatal fyrir árið 2007-2008.

8. Símenntunaráætlun verður einnig tilbúin á næsta fundi.

9. Leikskólakennarar eru búnir að vera duglegir að sækja námskeið, m.a. í útikennslu og vettvangsferðum og á námsstefnuna Leiðir til árangurs sem haldin var í Kennaraháskólanum 17. ágúst. Einnig var öllu ófaglærða starfsfólkinu boðið upp á 60 stunda grunnnámskeið. Góð mæting var á þetta námskeið af þeim sem ekki hafa nýtt sér það áður.

Formaður spurði nánar út í ítalska Reggio leikskólann. Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn hans.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra leikskólans. Skólastjóri grunnskólans fagnaði námsferð leikskólakennara til Örebro og finnst mjög jákvætt að nýja vinarbæjartengslin.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við hliðið við leikskólann. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni með þeim hætti að til stæði að setja nýtt hlið.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

1. Skóladagatal GSS 2007-2008. Það var samþykkt á kennara og fræðslunefndarfundum á vordögum. Skólustjóri dró fram ákveðna þætti starfsins, áfram þriggja anna kerfi, ekki verður vetrarfrí á þessu skólaári. Því miður féllu námskeið sem vera áttu á starfsdögum í ágúst niður. En þau voru undirbúin af Félags – og skólaþjónustunni okkar. Hluti af þeim kemur inn 2. október en þá munu allir grunnskólakennarar á Snæfellsnesi hittast í Grundarfirði.

2. Starfsmannamál. Ágústina og Gunnar eru komin til starfa eftir eins árs námsleyfi. Aðrir nýir kennarar eru Anders Katholm sem kennir dönsku, Eydís Bergmann Eyþórsdóttir kennir heimilisfræði, en Magda Kulinska er í barnsburðarleyfi. Alda Leif Jónsdóttir kennir nemendum 1. bekkjar. Þá mun Justin Shouse starfa sem stundakennari í vetur. Sigrún Elín Svavarsdóttir hefur verið ráðin kennari væntanlegrar starfsdeildar GSS Í önnur almenn störf voru ráðin; stuðningsfulltrúar Sara Sædal Andrésdóttir, Guðni Heiðar Valentinsson og Sigríður Anna Óladóttir á bókasafnið var ráðin Unnur Valdimarsdóttir. Þá mun Tómas Guðni Eggertsson kórstjóri m.m. halda utan um barnakórastarfið í vetur.

3. Skipulag

a) Kennsla. Því miður hefur verið töluverð fækkun nemenda undanfarin ár. Á þessu skólaári eru skráðir tæplega 170 nemendur. Töluverð samkennsla verður í 1. og 2. bekk í kálfinum. Í barnaskólanum eru Sella og Bogga með samkennslu í 3. og 4. bekk. 5. og 6. bekkur voru settir í stofu sem auðvelt er að opna á milli.

b) Almenn störf. Gæslan er tilbúin og gengið hefur mjög vel að manna hana. Í nýja skólanum eru 6 manneskjur við gæslu hverju sinni. Með þessu telja stjórnendur að þeir nái betur til allra nemanda.

Mikill metnaður er í skólanum og hjá bæjaryfirvöldum vegna stuðnings. Gekk allt upp eins og skólustjórnandi óskaði eftir í þeim málum.

Lengd viðvera eða heilsdagsskólinn við Skólastíg 11 er alveg um það bil að springa en beðið verður með skipulagsbreytingar. Farið verður með heimanámshópurinn út í kálf til að minnka álagið.

c) Nemendahópurinn. Eins og áður hefur komið fram að þá hefur nemendum fækkað undanfarin ár, og verðum við Hólmarar að taka sérstaklega á því máli með öllum tiltækum ráðum !

d) Starfsdeild GSS. Starfsmenn skóla hafa haft áhyggjur yfir þeim nemendum sem “eiga ekki heima” inn í almennri kennslustund en eiga þrátt fyrir það ekki heima í sérseild. Sigrún Elín Svavarsdóttir nýráðinn kennari er þessar vikurnar að ljúka við skipulagningu á deildinni. Hún hefur heimsótt skóla á höfuðborgarsvæðinu sem hafa reynslu af slíkum deildum. Fundað verður með foreldum ákveðinna nemenda á næstunni og allar ákvarðanir teknar í samráði við þá.

e) Samstarf Tónó og GSS. Skemmtileg tilraun er nú í gangi, hún er sú að Hólmgeir starfsmaður Tónlistarskólans kennir í húsakynnum grunnskólans við Borgarbraut. Með þessu vinnst skref í samvinnu grunnskóla og tónlistarskóla.

f) Mötuneyti GSS. Mötuneytið er farið af stað og gengið var til samninga við Fimm fiska og gengur vel. Samningur hljóðar upp á að matarskammturinn kostar 417 kr. Skólustjóri hefur fengið fyrirspurn varðandi það hvort að Stykkishólmsbær komi til með að niðurgreiða skólamáltíðirnar. Skólustjóri vísaði fyrirspurninni til bæjarstjóra.

g) Húsnæðismál. Upp í barnaskóla var það niðurstaða kennarana þar og ósk að kálfurinn yrði nýttur fyrir yngstu nemendurna. Inni eru 3. og 4. bekkur en tónlistarskólinn fékk

báðar stofurnar á neðri hæðinni. Búið var að fara í skipun í grunnskólanum við Borgarbraut, sjá hér að ofan.

4. Önnur mál.

Skólastjóri grunnskóla lagði fram dagskrá kennara og starfsmanna septembermánaðar.

Tengiliðir fyrir skólann með nemendum eru Einar Gunnarsson og Róbert Jørgensen.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra grunnskóla.

Fyrirspurn kom fram um skólalóðina við barnaskólann við Skólastíg. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Skólastjóri ræddi um foreldrafélögin og foreldraráðið. Við ætlum að standa okkur betur í öllu foreldrastarfi en á s.l. starfsári. Ný stjórn foreldrafélags og foreldraráð verða kynnt á næsta fundi fræðslunefndar.

Formaður spurði nánar út í erlendu starfsmennina sem ráðnir voru til starfa. Skólastjóri grunnskólans svaraði fyrirspurninni og Einar Gunnarsson fulltrúi kennara lýsti yfir ánægju sinni með þessar breytingar.

Fyrirspurn kom varðandi hvaða tungumál eru notuð í samskiptum á milli þessara nýju starfsmanna við aðra starfsmenn, nemendur og foreldra. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni.

Formaður lýsti yfir ánægju sinni við marga liði í skýrslunni m.a. starfsdeildina og eins ræddi hann um ánægju sína um afgreiðslu tillögu sem kom fram á bæjarráðsfundi um daginn um húsnæðismál.

Fyrirspurn kom fram um þróun nemendafjölda og húsnæðismál. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram um hver næstu skref verði í sambandi við sameiginlegt húsnæði grunnskóla og tónlistarskóla. Formaður svaraði fyrirspurninni.

2. Endurmenntun Grunn- og leikskólakennara.

Skólastjóri grunnskóla greindi frá því að ekki væri búið að ganga frá Símenntunaráætlun. Allir fagfundir eru þó að sjálfsögðu símenntun. Dagarnir sem áttu að vera í ágúst í umsjón Félags- og skólaþjónustunnar nýtast best til þessa að sögn skólastjóra. Næsta endurmenntun- og símenntunarnámskeið er fyrirhugað í Grundarfirði 2. október n.k.

Skólastjóri leikskóla greindi frá því ekki væri tilbúin nein áætlun hjá þeim.

3. Önnur mál

Skólastjóri grunnskóla ræddi nánar um húsnæðismál. Mikið flakk hefur verið á yngstu nemendum á milli bygginga á undanförunum árum. Breyting hefur verið á þessum

háttum og á fimmtudögum og föstudögum verða því engar ferðir nemenda á milli skólabygginga.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18.48.
Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.